

Viðauki

142

26. nóvbr.

við lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina og samkvæmt frumvarpi sömdu af bæjarstjórn Reykjavíkur, er hlutaðeigandi amtmaður hefir sent mjer, er hjermeð gefin út og staðfestur eptirfylgjandi

viðauki

við 43. grein í lögreglusamþykkt Reykjavíkur kaupstaðar frá 15. nóvbr. 1890:

Á eptir upphafsorðum greinarinnar »Á almennum veitingastað«

bætist inn í:

»og öðrum almennum samkomustöðum«.

Viðauki þessi öðlast gildi 15. desbr. 1898.

Reykjavík, 26. nóvbr. 1898.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reikningur

143

yfir tekjur og gjöld hins íslenska biblíufjelags árið 1896.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:

a. í skuldabréfum	kr. 20290,00
b. á vöxtum í bankanum	— 992,47
c. útist. vextir	— 25,80
d. í sjóði	— 72,35
	kr. 21380,62
2. Tillög goldin	— 21,00
3. Vextir tilfallnir 1896	— 839,44
4. Verð fyrir seldar biblíur	— 109,00
5. Borguð lán	— 129,00
6. Móti gjaldlið 2	— 500,00
	kr. 22979,34

Gjöld:

1. Frímerki o. fl.	kr. 2,00
2. Sett á vöxtu	— 500,00
3. Móti tekjulið 5.	— 129,00
4. Eptirstöðvar við árslok 1896:	
a. í skuldabréfum	kr. 20661,00
b. ógreiddir vextir	— 29,60
c. á vöxtum í bankanum	— 1249,46
d. í sjóði hjá fjehirði	— 408,28
	— 22348,34
	kr. 22979,34

Reykjavík 6. apríl 1897.

Eiríkur Briem.